

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslur byggingarnefndar Fljótsdalshrepps.

#### 1. gr.

Byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps annast verkefni byggingarnefndar í samræmi við 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Nefndina skipa þrír aðalmenn og þrír varamenn sem eru kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórarkosningum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar.

Byggingar- og skipulagsnefnd skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi kjörtímabils og velja formann og varaformann nefndarinnar.

#### 2. gr.

Undir yfirstjórn sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps fer byggingar- og skipulagsnefnd með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslögum nr. 123/2010.

Með nefndinni starfar byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps sem fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps annast einnig störf skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010.

Byggingarfulltrúi skal hafa samræð við byggingar- og skipulagsnefnd um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið nefndarinnar.

Byggingar- og skipulagsnefnd fjallar um umsóknir um byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi að fengnu samþykki byggingar- og skipulagsnefndar.

Byggingar- og skipulagsnefnd hefur eftirlit með stjórnsýslu byggingarfulltrúa fyrir hönd sveitarstjórnar.

Afgreiðslur mála í byggingar- og skipulagsnefnd skulu lagðar fyrir sveitarstjórn Fljótsdalshrepps til staðfestingar og samþykkis.

#### 3. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, laga nr. 160/2010 um mannvirki, skipulagslaga, nr. 123/2010, samþykktar um stjórn Fljótsdalshrepps, nr. 98/2013, og stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

#### 4. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 30. apríl 2014.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*